

Umhverfisstofnun
b.t. Skúla Þórðarsonar sviðstjóra veiðistjórnunar

5. október 2022

Í tillögum Umhverfisstofnunar til ráðherra umhverfis- og auðlindamála frá 4. október varðandi veiðifyrirkomulag á rjúpu er lagt til að fjölga veiðidögum rjúpu frá því í fyrra.

Fuglavernd mótmælir þessu harðlega og félagið vill benda á eftirfarandi:

- Viðkomubrestur var hjá rjúpu á Norðausturlandi og viðkoman var léleg á Vesturlandi. Ástandið í öðrum landshlutum er óþekkt. Hér á varúðarreglan að gilda (e. precautionary principle) við alla ákvarðanatöku.
- Miðað við nýlega greiningu á stofnstærð rjúpu og veiðiafföllum, þá hefur stofnstærð rjúpu verið ofmetin og veiðiafföll vanmetin með þeim aðferðum sem Ní hefur beitt frá 2005 (Rit Lbhí 141 sjá <https://www.lbhi.is/skolinn/rannsoknir/utgefid-efni>). Veiðiafföllin samkvæmt þessu nýja mati eru við eða vel ofan við þau mörk sem t.d. Norðmenn meta sem ásættanleg.

Í ljósi þessa ætti frekar að fækka leyfilegum veiðidögum en að fjölga þeim líkt og tillögur UST gera.

Menja Von Scmalensee, varaformaður
Hólfríður Arnardóttir framkvæmdastjóri Fuglaverndar
Fuglavernd / BirdLife in Iceland